



Að skipuleggja lestur

Þórdís H. Ólafsdóttir
Kennari/kennsluráðgjafi



Lestrarskipulag

Lestrarskipulag = Skipulag til að auka
skilning í lestri



Hvað þýðir að lesa

- Að skilja innihaldið
- Að sjá fyrir sér myndir á meðan lesið er
- Að hugsa á meðan lesið er t.d. Hvað er að gerast núna? Af hverju gerist þetta? Hver er þessi persóna?
- Að geta spáð fyrir..... Hvað mun gerast? Hvað gerðist áður?



Ef þú skilur ekki öll orðin

1. Lestu orðið aftur og veltu því fyrir þér hvað það getur þýtt
2. Lestu setninguna aftur
3. Lestu kaflann aftur – skilur þú samhengið?
4. Spurðu einhvern t.d. kennarann
5. Flettu orðinu upp í orðabók
www.malid.is



Þú ert þættir sem góður lesari þarf að tileinka sér

1. Spyrja beint upp úr texta – Þú finnur svarið í textanum
2. Lesa milli línana – þú getur fundið vísbendingar í textanum og dregið ályktun
3. Tengir efni texta við eigin reynslu – Þú finnur svarið hjá þér – þinn eigin reynsluheimur



1. Spyrja beint upp úr texta

Dæmi um texta:

Sara gengur hægt meðfram veginum. Hún hóstar og hnerrar og er með hita. Mamma bíður heima. Guðrún hringdi heim til Söru og þær ákváðu að Sara færi heim. Hún dregur skólatöskuna á eftir sér og það verða för í snjónum. Taskan er þung, hún er alltaf þung á þriðjudögum.

Spurningar:

1. Um hvern er textinn?
2. Hver bíður heima?
3. Hvað dregst í snjónum?



2. Lesa á milli lína

Dæmi um texta:

Sara gengur hægt meðfram veginum. Hún hóstar og hnerrar og er með hita. Mamma bíður heima. Guðrún hringdi heim til Söru og þær ákváðu að Sara færi heim. Hún dregur skólatöskuna á eftir sér og það verða för í snjónum. Taskan er þung, hún er alltaf þung á þriðjudögum.

Spurningar:

1. Hvernig líður Söru?
2. Hvar hefur hún verið?
3. Hvaða árstíð er?



3. Tengir efni texta við eigin reynslu

Dæmi um texta:

Sara gengur hægt meðfram veginum. Hún hóstar og hnerrar og er mjög heit. Mamma bíður heima. Guðrún hringdi heim til Söru og þær ákváðu að Sara færi heim. Hún dregur skólatöskuna á eftir sér og það verða för í snjónum. Taskan er þung, hún er alltaf þung á þriðjudögum.

Spurningar:

1. Af hverju er skólataskan þung á þriðjudögum?
2. Hvað hefur Sara í töskunni?
3. Af hverju er Sara að fara heim?



Lestrartækni

- Mismunandi textar- þurfa mismunandi lestraraðferðir
- Mismunandi spurningar - þurfa mismunandi lestraraðferðir
- Góður lesari skiptir á milli aðferða við lestur á mismunandi textum



Hvernig verður þú
góður lesari?

**Æfðu þig á hverjum
degi 😊**

